

lán úr hinum íslenska lækna sjóði, þannig, að af greiddar verði afláni þessu, að viðbættum 844 kr. 72 a., sem eptir eru af láni, er áður hefir veitt verið kirkjunni úr sama sjóði, 140 kr. um árið í vöxtu og afborgun, og muni með því móti verða búið að endurborga það árið 1889. 101
12. sept.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar og frekari ráðstafanar, að ráðgjafinn leyfir, að hið umbeðna lán verði veitt Kálfatjarnarkirkju úr viðlagasjóðnum, með þeim kjörum, er þjer hafið til tekið, og þannig, að gefið verði út nýtt skulda brjef til *viðlagasjóðsins* fyrir þessu láni, ásamt því, sem áður hefir veitt verið kirkjunni úr hinum íslenska lækna sjóði.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um verðlag á lækna-lyfjum.* — Með þóknanlegu brjefi frá 12. júní þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi, þar sem lyfsalinn í Reykjavík, Randrup konsúll, beiðist leyfis til þess að hækka verðlag lyfja þeirra, er vínandi er í, um 5%, sökum þess, að á vínanda hefir verið lagt aðflutningsgjald með tilskipun frá 26. febr. 1872 um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, og lögum frá 11. febr. þ. á. um breytingu á tjeðri tilskipun, og í annan stað álit landlæknisins á Íslandi um þetta mál, þar sem hann leggur á móti þessari verðhækkun, með því að verðlag það, sem nú stendur, þyki of hátt, en mælir aptur á móti með því, að lyfsölumönnum á Íslandi verði leyft að flytja inn nokkuð af vínanda afgangslausu. Hafið þjer í áminnstu brjefi tekið fram, að sanngirnir mæli með því, að lyfsölumönnum verði veitt nokkur uppbót í þessu skyni, en með því að þjer teljið vafasamt, hvort ástæða sje til að reyna að útvega lagafyrirmæli þau, er með þarf til tollfrelsis þess, er hjer er farið fram á, leggið þjer það til, að verðlagið verði hækkað. 102
22. sept.

Út af þessu er þess að geta, að skrifast hefir verið á við hið konunglega heilbrigðisráð um málið, og skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn er yður samdóma um, að ekki sje nægileg ástæða til að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um tollfrelsi það, sem landlæknir hefir stungið upp á, en þykir ísjárvert að láta hækka verðlag það, sem nú er á lækna lyfjum.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um toll af brennivíni.* 103
— Útaf beiðni þeirri, sem send hefir verið hingað með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 15. júlí þ. á., þar sem Siemsen konsúll í Reykjavík fer þess á leit, að reikna megi tollinn á nokkru af brennivíni, er komið hafi til hans og reynzt með 8 $\frac{1}{8}$ % styrkleika, er það var mælt, 20 aura af hverjum potti, í stað 30 aura, skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að beiðni þessi verður ekki veitt. 12. sept.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um toll af brennivíni* 104
og tóbaki. — Með þóknananlegu brjefi frá 15. júlí þ. á. hafið þjer, herra lands- 26. sept.

1) Brennivínið hafið komið frá Hamborg og styrkleika þess ekki verið getið á tollskrá skipsins. Hafið beiðandi látið í veðri vaka, að mælirinn, er hlutaðeigandi lögreglustjóri hefði haft, væri ef til vildi ekki nákvæmur; en í áliti sínu um málið fullyrðir lögreglustjóri, að mælirinn hafi verið alveg rjettur; að minnsta kosti sje ekki unnt að villast á því, hvort lögurinn, sem mældur er, sje 8° eða 8 $\frac{1}{8}$ % að styrkleika.

104 höfðingi, skotið undir úrskurð ráðgjafans bóanarbrjefi, þar sem kaupmaður, konsúll Smith í Reykjavík fer fram á að fá endurborgaða 881 kr. 60 aur., er hann hefir greitt í toll í Reykjavík af nokkru af áfengum drykkjum og tóbaki, aðfluttu með skonnertinni „Dorotheu“, er skjöl voru sýnd fyrir í Reykjavík, og tilfærir hann þá ástæðu fyrir endurborguninni, að ekki hafi nema nokkuð af hinum aðfluttu áfengu drykkjum verið flutt í land í Reykjavík, en afgangurinn af þeim og svo tóbakið hafi verið flutt í land annarstaðar, þar sem lögin frá 11. febr. þ. á. um breytingu á tilskipun frá 26. febr. 1872 og um aðflutningsgjald á tóbaki voru þá ekki orðin gild, en voru orðin gild í Reykjavík. — Út af þessu hafið þjer, herra landshöfðingi, látið þess getið, að eins og rjett hafi verið að heimta gjaldið af hinum áfengu drykkjum, sem hjer ræðir um, þar, sem skjöl skipsins voru sýnd, og þar sem lögin frá 11. febr. þ. á. um breytingu á tilskipun 26. febr. 1872 höfðu öðlazzt gildi, áður en skipið kom, svo sem áður er á vikið, þannig hljóti hið sama að verða ofan á um tollinn af tóbakinu, sem fyr er getið, með því að svo verði á að líta, sem tekið sje við tóbakinu í Reykjavík, erbeiðandinn hafi ekki annarstaðar á Íslandi fasta verzlun, og það geti ekki staðið á neinu, hvort vörurnar sjeu seldar í búð hans í Reykjavík eða hafðar til lausakaupa á öðrum höfnum.

Út af þessu tilefni skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar og frekari ráðstafanar, ef til þess kemur, að ráðgjafinn verður að vera yður samdóma um, að rjett hafi verið að taka gjaldið af hinum áfengu drykkjum, er hjer ræðir um, í Reykjavík, en hlýtur aptur á móti að vera þeirrar skoðunar um gjaldið á tóbakinu, að ekki hefði átt að taka það þar, sje svo, að tóbakið hafi ekki verið flutt á land í Reykjavík, heldur verið kyrrt í skipinu, og verið flutt á því til Vestfjarða, en þangað fór skipið úr Reykjavík til lausakaupa, að því er frá hefir verið skýrt. Því að þar sem ekki er til önnur eins ákvörðun um tóbaksgjaldið og sú í 2. gr. laganna frá 26. febr. 1872 um brennivínsgjaldið, verður að álíta það nauðsynlegt skilyrði fyrir aðflutningsgjaldi því af tóbaki, sem fyrirskipað er með lögum frá 11. febr. þ. á., að tóbakið sje innflutt, en til þess útheimtist, að vörurnar sjeu í raun og veru fluttar í land, en ekki nóg, að þær komi í landhelgi Íslands eða á skipalægi eða höfn einhverstaðar við landið, ef þær eru ekki fluttar í land úr skipinu. Fyrir því verður svo að álíta, sem tóbak það, sem hjer ræðir um, hafi ekki verið innflutt í Reykjavík, sje svo vaxið málið sem sagt er hjer að framan, og má því endurborga beiðanda toll þann, er hann hefir af því greitt, ef það sannast, að tóbakið hafi ekki verið flutt í land í Reykjavík.

105 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um kornlán handa sýslunefndinni í Kjósar- og Gullbringusýslu. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, sent hingað erindi, þar sem sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu sem oddviti sýslunefndarinnar þar fer þess á leit sakir aflaleysisins í vetur sem leið, að veitt verði Álptaness og Vatnsleysustrandarhreppum lán úr landssjóði, að upphæð 6000 kr. og 4000 kr., gegn venjulegum vöxtum og endurborgun lánsins á 10 eða 4 ára fresti, og til vara, að sýslunefndin verði látin fá 5000 kr. lán, eða svo mikið sem þurfi til að kaupa 250 tonn af korni, og er fengið samþykki amtsráðsins til þess að sýslan taki þetta kornlán. Hafið þjer skýrt svo frá, að þetta ár hafi alveg brögðizt vetraraffi í Faxaflóa, sem er aðalbjargræði manna þar í kring, og sje fólki því búið hallæri í vetur, sem í hönd fer, einkum í framantjeðum 2 hreppum; og leggið það til í þóknanlegu brjefi 2. þ. m., að veitt verði sýslunefndinni í Gullbringu- og Kjósarsýslu til þess að afstýra hallærishættunni 5000 eða 6000 kr. lán úr viðlagsjóði, til þess að kaupa fyrir 250 tonn af rúgi eða rúgmjöli